



Reykjavík, 17. janúar 2020  
Fundargerð 187. fundar

*Tilvísun: 2001005*

Föstudaginn 17. janúar var haldinn 187. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 08.00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson og Kolbrún Þorsteinsdóttir í fjarveru Haralds Sverrissonar. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

## **1. Starfsáætlun stjórnar 2020**

Formaður lagði fram starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2020.

Eftirfarandi lagt fram:

- Starfsáætlun stjórnar SHS fyrir árið 2020, dags. 17. janúar 2020.

*Afgreiðsla:* Samþykkt.

## **2. Árangursmat á störfum stjórnar og slökkviliðsstjóra**

Í starfsreglum stjórnar, greinum 12.1 t.o.m. 12.4, kemur fram að telji stjórnarformaður eða einstaka stjórnarmaður ástæðu til þess að störf, verklag, starfshættir eða frammistaða stjórnarformanns, einstakra stjórnarmanna eða slökkviliðsstjóra séu metin sérstaklega, skuli leitað til utanaðkomandi aðila til þess að framkvæma slíkt mat.

*Afgreiðsla:* Slökkviliðsstjóra falið að vinna að málinu, í samráði við formann.

### 3. Þjónustusamningur um starfsemi slökkviliðs og framkvæmd eldvarnaeftirlits í Kjósarhreppi

Drög að nýjum þjónustusamningi SHS við Kjósarhrepp um starfsemi slökkviliðs og framkvæmd eldvarnaeftirlits í hreppnum.

Eftirfarandi lagt fram:

- Þjónustusamningur um starfsemi slökkviliðs og framkvæmd eldvarnaeftirlits í Kjósarhreppi, drög, ódags.

*Afgreiðsla:* Stjórn samþykkir samningsdrögin og heimilar slökkviliðsstjóra að undirrita hann fyrir hönd SHS.

### 4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 09:00


**Næsti fundur verður föstudaginn 21. febrúar 2020.**

Fylgiskjöl:

- Starfsáætlun stjórnar SHS fyrir árið 2020, dags. 17. janúar 2020.
- Þjónustusamningur um starfsemi slökkviliðs og framkvæmd eldvarnaeftirlits í Kjósarhreppi, drög, ódags.



Dagur B. Eggertsson




Gunnar Einarsson




Ásgeður Halldórsdóttir



Rósa Guðbjartsdóttir



Kolbrún Þorsteinsdóttir



Ármann Kr. Ólafsson